

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

582. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 19. janúar 2009 kl.


10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
2. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
3. Fundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
4. Bréf Kvenfélagsins Bjarkar.
5. Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra 2008.
6. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra 2008.
7. Erindi Hreppsnefndar Bæjarhrepps.
8. Drög að starfsmannastefnu Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga er mættur til viðræðna við byggðarráð. Greindi hann byggðarráði frá undirbúningi að sameiningu heilbrigðisstofnana. Fram er komin tillaga um að Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga muni falla undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands ásamt heilbrigðisstofnununum, á Akranesi, Borgarnesi, Stykkishólmi, Ólafsvík, Grundarfirði, Búðardal og Hólmavík. Samþykkt að boða Guðmund Hauk til næsta fundar byggðarráðs þegar gleggri upplýsingar er tengjast fyrrgreindum áformum eru komnar fram.
2. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi lagt fram. Óskað er umsagnar um umsókn Fannars Karls Ómarssonar f.h. Söluskálans Hörpu um endurnýjun rekstrarleyfis. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs vegna breytinga á umsókn, útveitingar.
3. Fram lagt fundarboð Veiðifélags Víðidalsár. Boðað er til almenns félagsfundar 25. janúar nk. kl. 15:00 í Félagsheimilinu Víðihlíð. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Bréf Kvenfélagsins Bjarkar á Hvammstanga lagt fram. Í bréfinu er tilkynnt um að kvenfélagið hafi fært Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra sjúkrabretti að gjöf. Byggðarráð þakkar Kvenfélaginu Björk gjöfina.
5. Fram lögð Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra fyrir árið 2008.
6. Fram lögð Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra fyrir árið 2008.
7. Erindi Hreppsnefndar Bæjarhrepps lagt fram. Í erindinu er óskað eftir viðræðum við sveitarstjórn Húnaþings vestra um málefni slökkviliðs og brunavarna. Byggðarráð samþykkir að eiga viðræður við Hreppsnefnd Bæjarhrepps um brunavarnir og tilnefni til þeirra viðræðna sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra.



H. H. Sigurðsson
S. G. L. Blinn

8. Sveitarstjóri lagði fram drög að starfsmannastefnu fyrir Húnþing vestra og reglum um stuðning við starfsmenn sem stunda fjarnám samhliða starfi. Sveitarstjóra falið að gera breytingar á framlögðum drögum sbr. framkomnar ábendingar. Bygðarráð samþykkir að senda forstöðumönnum drög að starfsmannastefnu til umsagnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Ólafur R. Árnald
Katrín Hjálmarsson
Heim - Ágúst 2010

Fundi slitið kl. 12:05

Guðni Þórsson

Áheyrnarfulltrúi:

Ólafur Sigurðsson